

SAMÞYKKT
um auglýsingar í Íþróttahúsi Grundarfjarðar

1. grein.

Höfð verði til hliðsjónar Reglugerð um auglýsingar v/íþróttamannvirkja sem samþykkt var í framkvæmdastjórn ÍSÍ 15. júní 1995. Í 5. grein þeirrar reglugerðar er kveðið á um að: "Viðkomandi sérsamband eða framkvæmdaraðili keppni getur sett sér nánari reglur sem ákveða fjölda, staðsetningu og /eða gerð auglýsinga enda brjóti það ekki í bága við reglugerð þessa að öðru leyti."

2. grein.

Hámarksstærð auglýsinga á gólfi íþróttahúss Grundarfjarðar skal vera u.þ.b. 2 ferm. Stærð auglýsinga á veggjum og standandi auglýsinga á gólfum skal ekki vera meiri en verið hefur undanfarin ár, enda verði þess gætt að þær auglýsingar hafi ekki áhrif á íþróttina, hindri yfirsýn áhorfenda eða skapi hættu fyrir viðstadda.

3. grein.

Þess verði ávallt gætt að fjöldi auglýsinga og staðsetningar þeirra brjóti ekki í bága við reglur alþjóðasambanda. Samkvæmt reglugerð FIBA (Alþjóða körfuknattleikssambandið) er heimilt að láta auglýsingar í miðhring og á svæðið fyrir aftan vítalínu. Hámarksfjöldi auglýsinga á gólfi íþróttahússins skal vera 4 auk auglýsinga á áðurnefndum svæðum. Húsvörður íþróttahússins getur þó heimilað fleiri auglýsingar tímabundið og skal þá gera um slíkt sérstakt skriflegt samkomulag milli aðila.

4. grein.

Allt yfirbragð auglýsinga skal vera smekklegt, snyrtilegt og úr efni (og límefni) sem talist getur öruggt að setja t.d. á gólfleti. Áður en auglýsing er sett á gólfleti skal liggja fyrir samþykki húsvarðar íþróttahússins. Húsvörður skal óska eftir viðkomandi íþróttafélag að það fjarlægji auglýsingar sem eru að hans mati útslitnar, gallaðar eða geta valdið slysum, að öðrum kosti verði það fjarlægt á kostnað íþróttafélagsins/deildarinnar.

5. grein.

Húsvörður getur veitt undanþágur frá ákvæðum í gr. 2-4 ef t.d. um er að ræða stærri íþróttaviðburði eða hátíðir. Slíkar undanþágur skulu vera skriflegar þar sem m.a kemur fram gildistími undanþága.

6. grein.

Grundarfjarðarbær gerir samkomulag við íþróttafélag, en ekki við einstakar deildir innan félagsins.

7. grein.

Samþykktin tekur gildi eftir að bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur samþykkt hana.

8. grein.

Komi upp ágreiningur eða vafi um túlkun og framkvæmd samþykktarinnar skal skjóta honum til bæjarstjóra.

Samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar 17. desember 2001.